

44. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 04.12 2012, Végarði kl. 13.30

Mætt til fundar aðalmenn sveitarstjórnar: Gunnþórunn Ingólfadóttir, Lárus Heiðarsson, Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann Þórhallsson og Þorvarður Ingimarsson. Einnig voru mættir til fundar Georg Pálsson stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar og Árni Óðinsson verkefnisstjóri umhverfismála og vatnmælinga.

Oddviti setti fund og bauð gesti velkomna

Dagskrá:

- 1. Málefni Kárahnjúkavirkjunar, fulltrúar LV mæta til fundar.**
- 2. Skýrsla oddvita.**
- 3. Laugargarður ehf.**
- 4. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2013, síðari umræða.**
- 5. Þriggja ára fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2014-2016, síðari umræða.**
- 6. Samningur um rekstur Laugarfellsskála.**
- 7. Samþykktir Fljótdalshrepps og siðareglur.**
- 8. Landsnet, endurmat tengivirkis.**
- 9. Safnahús Egilsstöðum.**
Bréf safnstjóra og formanns stjórnar Minjasafns Austurlands dags. 26.11
- 10. Bréf**
 - a) Skipulagsstofnun dags. 09.11
 - b) Vegagerðin dags.14.11
 - c) Fljótsdalsstöð dags. 23.11
- 11. Umhverfisstyrkir**
Þorvarður Ingimarsson og Sólveig Ólafsdóttir, Eyrarlandi
- 12. Fjárbeiðnir**
 - a) Stígamót
 - b) Aflið-samtök gegn ofbeldi
 - c) Blátt áfram
 - d) Snorraverkefnið
 - e) Landsbyggðin lífi
 - f) BFF
- 13. Fundargerðir**
 - a) Aðalfundargerð Héraðsskjalasafns Austfirðinga 22.11
 - b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 22.11
 - c) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 20.11
 - d) Minjasafn Austurlands 30.10
 - e) Brunavarnir á Héraði 07.11 og 20.11
 - f) Brunavarnir á Austurlandi 06.11
 - g) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 05.11

h) Aðalfundargerð Heilbrigðiseftirlits Austurlands 24.10

i) HAUST 14.11

14. Önnur mál.

1. Málafni Kárahnjúkavirkjunar.

Rætt var um Teigsbúðir, gsm samband í Fljótsdal, Sauðárveituf framkvæmdir, sýningarstarfsemi í Végarði, sumarvinnu ungmenna, sauðfjárveikivarnargirðingu, væntanlegt útboð mótuneytis og þrifa Fljótsdalsstöðvar, bakkavarnir, vatnsstöðu lóna, vegtengingu Norðurdalsvegar við Fljótsdalsstöð o.fl.

Sérstaklega var fjallað um útkomna skýrslu um áhrif Kárahnjúkavirkjunar á vatnsborð og grunnvatn á láglandi á Héraði. Árni Óðinsson sýndi glærur þar sem teknar höfðu verið saman helstu niðurstöður, er vörðuðu land í Fljótsdal.

Georg og Árni yfirlit fund kl 15.30

2. Skýrsla oddvita.

Framkvæmdum við heimreið í Víðivallagerði er lokið.

2. desember var skrifað var undir samning við Fljótsdalshérað og Félag eldri borgara, um rekstur í húshluta Fljótsdalshrepps Miðvangi 6. Starfsemi í húsnæðinu er komin af stað.

Í síðustu viku voru fulltrúar frá Orkusetri og Orkusjóði á ferð í Fljótsdal og skoðuðu íbúðarhúsnæði m.t.t. orkusparandi aðgerða og átaks.

VSO ráðgjöf bjóða sveitarfélögum aðstoð sína við mál er snúa að opnum efnisnámmum og leyfisveitingar.

Gögn sem borist hafa og liggja frammi til kynningar.

- ✓ Héraðsskjalasafn Austfirðinga (innbundin gögn), ársskýrsla 2011, ahendingarskrá 2011, fjárhagsáætlun 2011, fundargerðir 2011
- ✓ Ársreikningur Brunavarna á Héraði 2011
- ✓ Ársskýrsla Skólaskrifstofu Austurlands 2011

3. Laugargarður ehf. Sveitarstjórn undirritaði kaupsamning og afsal fyrir gistihúsum og þjónustuhúsi við Végarð og Laugarfellsskála. Gögnin eru gerð vegna flutnings eignanna frá Fljótsdalshreppi til Laugargarðs ehf.

4. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2013, síðari umræða.

Oddviti bar upp fjárhagsáætlunina og var hún samþykkt samhljóða.

Helstu niðurstöður:

Rekstur aðalsjóðs jákvæður , 36,4 millj

Rekstur eignasjóðs neikvæður , 36 millj

Rekstur félagslegra íbúða neikvæður, 310 þús

Afskriftir áætlaðar 22,3 millj

Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld , jákvæð 2,9 millj

Rekstraniðurstaða ársins 2013 (A og B hluti) áætluð jákvæð, 53 þús.
Eignir áætlaðar í árslok 2013 953 millj og skuldir og skuldbindingar 32,2 millj.
Afborgun langtímalána 2,7 milj
Engin lántaka er fyrirhuguð á árinu 2013.
Fjárfestingar áætlaðar alls 60,5 millj. Hallormsstaðaskóli 2 millj, Fjallaskarðsskáli 25 millj, samgöngubætur 20 millj, reiðvegur 1 millj, Óbyggðasafn Íslands 10 millj, Végarður 1,5 millj, réttamannvirki 1 millj.
Áætlað handbært fé í árslok 2013 88,8 millj.

5. Þriggja ára fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2014-2016, síðari umræða.

Áætlunin rædd. Gert er ráð fyrir jákvæðri rekstarniðurstöðu öll árin. Oddviti bar upp áætlunina og var hún samþykkt samhljóða.

6. Samningur um rekstur Laugarfellsskála. Drög að samningi um leigu Laugarfellsskála kynntur. Oddviti falið að skrifa undir samninginn.

7. Samþykktir Fljótdalshrepps og siðareglur. Drög að samþykktum og siðareglum kynntar og teknar til umræðu. Stefnt er að taka samþykktir og siðareglurnar aftur til umræðu á fundi í janúar.

8. Landsnet, endurmat tengivirkis. Samþykkt að kæra ekki nýtt mat á tengivirki Fljótsdalsstöðvar og ganga að tillögu Landsnets um uppgjör á fasteignagjöldum.

9. Safnahús Egilsstöðum.

Bréf safnstjóra og formanns stjórnar Minjasafns Austurlands dags. 26.11. Í bréfinu er fjallað um slæmt ásand á Safnahúsi og eigendur hvattir til að bæta þar úr. Oddviti sagði frá fundi sem Fljótsdalshérað hélt með eignaraðilum safnahússins 23. nóv. Hugmyndir eru uppi um að Fljótsdalshérað leysi til sín eignarhluta annara sveitarfélaga. Sveitarstjórn er ekki andvíg því að eignarhaldið færist á eina hendi, finnist ásættanlegur grundvöllur.

10. Bréf.

- a) Skipulagsstofnun dags. 09.11. Í bréfi Skipulagsstofnunar er vísaði í úrskurð Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála nr. 30/2012, í máli nr. 80/2012. Úrskurður varðar tímalengd frá samþykkt sveitarstjórna á deiliskipulögum til þess dags að þau eru auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Ef tíminn er lengri en 3 mánuðir telst skipulagið ógilt skv. 3. mgr.42.gr skipulagslaga. Sveitarfélög er hvött til að bregðast við í kjölfar þessa úrskurðar og yfirfara málsmeðferð deiliskiplaga sem samþykkt hafa verið á grundvelli nýrra skipulagslaga. Meðfylgjandi bréfi Skipulagsstofnunar er listi yfir deiliskipulög í Fljótsdalshreppi er málið kann að varða. Þ.e.a.s. Deiliskiplag

frístundabyggðar í landi Víðivalla ytri 1 og Breyting á deiliskipulagi fyrir menningar- og þjónustustarfsemi í landi Skriðuklausturs, Valþjófsstaðar 1 og Hamborgar.

Breyting á deiliskipulagi fyrir menningar og þjónustusvæðið er samþykkt af sveitarstjórn 03.06 2011 og auglýst í B-deild 24.06 2011.

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Víðivalla ytri 1 er samþykkt í sveitarstjórn 11.01 2011, á fundi 18.04 2011, fjallar sveitarstjórn aftur um skipulagið, auglýsing er birt í B-deild Stjórnartíðinda 20.05 2011.

Bæði skipulögin eru innan setts tímaramma. Oddvita falið að svara Skiplagsstofnun.

- b) Vegagerðin dags.14.11. Varðar námukerfi Vegagerðarinnar, Kynnt.
- a. Fljótsdalsstöð dags. 23.11. Boðað til samráðsfundar með landeigendum/umráðamönnum 5. og 6. desember, um sauðfjárveikivarnargirðingar við Jökulsá á Dal.

Þorvarður vakti athygli á vanhæfi sínu varðandi 11.dagskrárlið og vék af fundi

11. Umhverfisstyrkir

Þorvarður Ingimarsson og Sólveig Ólafsdóttir, Eyrarlandi. Samþykktur hámarksstyrkur.

Þorvarður kom aftur til fundar.

12. Fjárbeiðnir

- a) Stígamót. Hafnað
- b) Aflið-samtök gegn ofbeldi. Hafnað
- c) Blátt áfram. Hafnað
- d) Snorraverkefnið. Hafnað
- e) Landsbyggðin lifi. Hafnað
- f) Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps, óskar eftir styrk vegna kaupa á steypuhræivél. Eldri vél sem sveitarfélagið á er talin ónýtt. . Samþykktur styrkur kr. 500.000-,-

13. Fundargerðir

- a) Aðalfundargerð Héraðsskjalasafns Austfirðinga 22.11. Kynnt.
- b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 22.11. Kynnt
- c) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 20.11. Kynnt
- d) Minjasafn Austurlands 30.10. Kynnt
- e) Brunavarnir á Héraði 07.11 og 20.11. Kynnt
- f) Brunavarnir á Austurlandi 06.11. Kynnt

- g) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 05.11. Kynnt. Stjórn óskar eftir svörum frá aðildarsveitarfélögunum um framtíð sjóðsins og hvort sveitarfélög muni áfram greiða framlög til hans. Sveitarstjórn lítur svo á að Fljótsdalshreppur verði áfram aðili að sjóðnum og greiði til hans framlög, ef öll önnur sveitarfélög á starfssvæði sjóðsins taka þátt.
- h) Aðalfundargerð Heilbrigðiseftirlits Austurlands 24.10. Kynnt.
- i) HAUST 14.11. Kynnt.

14. Önnur mál.

- a) Sveitarstjórn mun funda um sveitarfélagamörk og fleiri mál, með bæjarráði Fljótsdalshéraðs 12. des kl. 15.00 Lyngási 12. Egilsstöðum.
- b) Stefnt er á að halda fund með starfsmönnum Snæfellsstofu í janúar.
- c) Hreindýraarðsskrá liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til 11. des. Athugasemdum skal skila til Skrifstofu Umhverfisstofnunar, Tjarnarbraut 39, Pósthólf 174, 700 Egilsstöðum. Heildararður til jarða í Fljótsdalshreppi 2012 er kr. 9.504.000,-. Arðurinn hefur farið lækkanði undanfarin ár, árið 2012 eru þó felld mun fleiri hreindýr í Fljótsdal en sl. ár. 268 hreindýr sem er um 27 % af útgefnum veiðikvóta, en greiddur arður af heildararði jarða er um 11%.
- d) Ekki er gert ráð fyrir að halda fleiri fundi í sveitarstjórn á þessu ári.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 19.40.

Þorvarður og Lárus ritaðu fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)